



HAFNARFJÖRÐUR

**Starfshópur um skólaskipan í Víðistaðaskóla í Engidal og
leikskólans Álfabergs**

Skýrsla til fræðsluráðs

Janúar 2013

Starfshópur skipaður af fræðsluráði Hafnarfjarðar setti fram tillögu að starfsfólk í starfsstöð Víðstaðaskóla í Engidal og starfsfólk leikskólans Álfabergs væri falið að skoða möguleika á frekari samvinnu en nú er, samstarfi eða sameiningu. Tillaga þessi var samþykkt á fræðsluráðsfundi þann 16. apríl 2012.

Í nóvember 2012 kom fræðslustjóri til fundar við stjórnendur Víðistaðaskóla í Engidal og leikskólans Álfabergs og lagði fram ósk um að settur yrði á laggirnar starfshópur sem myndi leggja fram hugmyndir starfsfólks um ofangreinda þætti. Ákveðið var að leikskólastjóri og deildarstjóri í Engidal myndu stýra þessum hópi. Í framhaldi af því kynntu stjórnendur fyrir starfólinu þá vinnu sem framundan væri og leituðu eftir sjálfboðaliðum í nefndina, þrír kennrar frá hvorum stað ásamt fulltrúum úr foreldraráðum skólanna.

Starfshópurinn tók til starfa eins fljótt og hægt var og skila átti skýrslu fyrir mánaðarmótin janúar/febrúar 2013.

Eftirtaldir skipuðu starfshópinn:

Frá grunnskólanum:

- Anna María Skúladóttir, deildarstjóri
- Ingibjörg B. Björnsdóttir, grunnskólakennari
- Sóloveig Baldursdóttir, grunnskólakennari
- Þrándur Sigurðarson, íþróttakennari
- Elísia Vigfúsdóttir, foreldri

Frá leikskólanum:

- Lilja Kolbrún Steinþórsdóttir, leikskólastjóri
- Brynhildur Elín Kristjánsdóttir, deildarstjóri
- Guðrún Sif Hannesdóttir, deildarstjóri
- Særún Ómarsdóttir, deildarstjóri
- Petra Hólmgrímsdóttir, foreldri

Starfshópurinn hittist og skipulagði sameiginlegan starfsmannafund fyrir allt starfsfólk beggja skóla (grunn- og leikskóla). Þar fór fram kynning á þremur leiðum sem starfshópurinn hafði ákveðið að hægt væri að fara en einnig mátti starfsfólk koma með aðrar hugmyndir ef þeir hefðu einhverjar. Leiðirnar sem um voru að ræða voru, óbreytt skólaskipan, sameining í anda Hraunvallaskóla í Hafnarfirði og sameining í anda Krikaskóla í Mosfellsbæ. Á fundinum var starfsfólk skipt í hópa, passað var upp á að hóparnir voru blandaðir af starfsfólk af báðum stöðum. Hóparnir áttu að skila kostum (tækifærum) og göllum (ógnunum) hverrar leiðar fyrir sig. Að lokum áttu hóparnir að skila hvaða leið þeir myndu helst vilja fara og rökstyðja það. Í lok fundar kom fulltrúi úr hverjum hópi og flutti niðurstöðurnar fyrir fundinn ásamt því að skila þeim skriflega til starfshóps.

Starfshópurinn fundaði nokkrum sinnum, meðal annars vann hann úr niðurstöðum starfsmannafundarins ásamt almennum umræðum um skólahald. Einnig heimsótti hópurinn Krikaskóla í Mosfellsbæ og Hraunvallaskóla í Hafnarfirði. Á báðum stöðum var tekið vel á móti hópnum og fékk hópurinn góða kynningu á starfsemi skólanna.

Forsaga

Fyrir þremur árum urðu miklar breytingar í skólamálum er varða Víðistaðaskóla, Engidalsskóla og leikskólann Álfaberg. Breytingar áttu sér stað með stuttum fyrirvara og starfsfólk hafði lítið um hlutina að segja. Þá voru Engidalsskóli og Víðistaðaskóli sameinaðir og miklar breytingar urðu í Engidalsskóla. Skólastjóri og aðstoðarskólastjóri í Engidal hættu en stjórnendateymi Víðistaðaskóla hélt sér ásamt einum deildarstjóra úr Engidal í hlutastarfi. Miklar breytingar urðu á starfmannahópi í Engidal sökum þess að miðstig flutti yfir í Víðistaðaskóla. Starfsumhverfi þeirra sem á starfsstöðinni störfuðu gjörbreyttist og sækja þurfti alla fundi og þess háttar yfir á starfsstöðina við Víðistaðatún. Þessi sameining reyndist starfsfólkini mjög erfið og gengið var í gegnum ákveðið sorgarferli fyrsta árið eftir sameiningu. Á sama tíma verða miklar breytingar á leikskólanum Álfabergi. Leikskólinn hafði verið starfandi í fjögur ár með eingöngu 5 ára börn og mikið þróunarstarf hafði átt sér stað. Ákveðið var að loka þeim leikskóla og opna nýjan leikskóla undir sama heiti í Engidalnum, en með öðrum formerkjum og breyttum aldurshópi. Í Engidal mætast svo þessir tveir hópar sem báðir hafa orðið fyrir mjög miklum breytingum og allir að aðlagast breyttum aðstæðum. Sameining Víðistaðaskóla og Engidalsskóla hefur ekki gengið sem skyldi sökum erfiðra aðstæðna. Það er mjög erfitt að tilheyra hópi sem maður hittir á starfsmannafundi einu sinni í mánuði fyrir utan teymisfundi ýmissa teyma sem allir eru sóttir yfir í starfsstöð við Víðistaðatún. Meiri vilji hefur verið fyrir því frá upphafi að auka samvinnu við þá sem við maður hittir daglega í störfum sínum innan sama húss þ.e.a.s. leiksólans. Erfitt hefur verið fyrir starfsfólk grunn- og leikskólans að blandast þar sem grunnskólakennrar tilheyra öðrum starfmannahópi.

Tillaga starfsfólks í starfsstöðinni Engidal og leikskólans Álfabergs

Starfsfólk starfsstöðvarinnar í Engidal og leikskólans Álfabergs hafa komist að þeirri niðurstöðu að best væri að fara hina svokölluðu Hraunvallaskólaleið þ.e.a.s. að í Engidal verði sjálfstæður skóli með leikskóla- og grunnskóladeild. Hvor deild héldi sínum skólastjórnanda, með einn millistjórnanda hvor, ásamt deildarstjórum á leikskóladeildum. Mikilvægt er að gaeta að hag hvors skólastigs og þess vegna þarf að hafa skólastjóra á hvoru stigi. Mikil samvinna yrði á milli stiga sem markvisst væri hægt að þráa og auka með árunum.

Eftir að hafa kynnt okkur muninn á þessum tveimur leiðum þ.e. Krikaskólaleiðinni og Hraunvallaskólaleiðinni teljum við ekki gerlegt að taka gamla, rótgrónna stofnun eins og Engidalsskóla og skella á nýrrí hugmynd eins og Krikaskóli vinnur eftir. Í Krikaskóla kom hugmyndafræðin fyrst svo var skólahúsnaðið byggt í kringum hana og starfsfólkir ráðið inn á þeim forsendum sem hugmyndafræðin byggir á. Í uppbyggingu þessa skóla átti sér stað mikið ferli og undirbúningsvinna sem margir ólíkir aðilar komu að. Í kynningu skólastjóra kom fram að kjarasamningar leikskóla- og grunnskólakennara eru enn hindrun í starfinu vegna þess hversu ólíkir þeir eru og vankantar eru til staðar í framkvæmdinni. Í Hraunvallaskóla er grunnskóla- og leikskóladeild með sinn stjórnandann hvor svo allir halda sínum kaupum og kjörum en samvinna er mikil á milli stigana. Við teljum að við getum átt mjög mikið og öflugt samstarf þar sem fjöldi barna í skólanum er hentugur til þróunarstarfs. Stjórnunarteymi skólans yrði þá samsett af tveimur stjórnendum af leikskóladeild og tveimur stjórnendum úr grunnskóladeild.

Rök fyrir breytingum

Starfsmannahópurinn var sammála um það að ekki hefur gegnið nóg vel stjórnunarlega í sameiningu Engidalsskóla og Víðistaðaskóla þar sem skólastjóri hefur yfirdrifið nóg að gera við að stýra einum stórum skóla og nær því illa að sinna Engidalnum. Samvinna kennara á þessum tveimur starfsstöðvum hefur ekki heldur gengið sem skyldi þar sem fjarlægð er mikil og fólk hittist sjaldan. Miklu nær er að sameina two skóla sem eru í sama húsi og starfsfólk umgengst hvert annað daglega. Með þeim hætti gefst meira svigrúm til að brúa bilið á milli leik- og grunnskólans og efla samvinnu innan hússins. Með sameiningu leik- og grunnskóla verður nýtingin betri á þeim mannauði sem hvor stofnun hefur yfir að ráða. Auðveldara yrði að mæta mismunandi þroska barna t.d. með því að hafa gott flæði á milli skólastiga. Margt fleira vinnst við aukna samvinnu eins og að samnýta matsal, sérgreinastofur, tæki og fleira svo ekki sé talað um eitt starfsmannafélag og bættan starfsanda. Ekki má gleyma því að fara rólega af stað með þetta verkefni og gefa því tíma til að þróast. Vegna undangenginna breytinga sem þessir tveir starfsmannahópar hafa gengið í gegnum síðast liðin ár leggjum við til að sem minnstar breytingar verði gerðar á stjórnendum og starfmannahópum.

Eftirfandi punktar komu fram á sameiginlegum starfsmannafundi grunn- og leikskólans.

Hugmyndir af sameiginlegum verkefnum í framtíðinni ef til sameiningar kæmi.

- Aukin samvinna milli skólastiga
- Flæði á milli skólastiga
- Samnýting á matsal
- Möguleiki á að bjóða upp á 5 ára bekk
- Sameiginlegar samverustundir
- Vinabekkir
- Skólaheimsóknir
- Útikennsla á báðum stigum
- Sameiginlegar lestrarstundir
- Sameiginlegt föndur
- Sameiginlegt jólaball
- Grænfánaverkefni verði tekið upp í leikskóla
- Grunnskóli skoði fjölgreindir Gardners
- Nám í gegnum leik
- Marka sameiginlega stefnu
- Ein starfsáætlun
- Sameiginlegar þemavikur
- Hópefli fyrir starfsfólk
- Sameiginleg SMT verkefni
- Eitt starfsmannafélag
- Sameiginlegar skemmtanir starfsfólks
- Sérgreinakennrar fengju áfram að starfa eins og í dag þ.e. kenna í tveimur skólum.
- Sameiginlegt bókasafn.

Ef hópurinn mætti velja leið hvaða leið mynduð þið velja og af hverju (rökstyðjið).
(Starfsmannahópnum var skipt í 6 hópa).

- Hraunvallaskóla hugmynd með tveimur skólastjórum og aukinni samvinnu vegna þess að stíga þarf varlega til jarðar
- Okkar eigin leið, þróunarverkefni til 5 ára með samstarfi og samvinnu milli skólastiga og starfsmanna. Fáum sjálf að ráða ferðinni, hversu hratt við viljum þessar breytingar. Ef þetta kemur frá okkur fáum við ánægðra starfsfólk.
- Hraunvallaskóla hugmynd. Teljum starfsfólk ekki tilbúið í þá sameiningu sem Krikaskóla hugmynd krefst. Flestir kostir við þessa leið á allann hátt.
- Hraunvallaskóla hugmynd, einn skóli meiri samvinna
- Hraunvallaskóla hugmynd, hópurinn telur nauðsynlegt að vera skólastjóra grunnskólastigs í húsinu, en ekki eins og í núverandi mynd. Meiri samvinna leik- og grunnskóla og það bætir einnig starfsandann í húsinu. Kostir að kjarasamningaráhvors hóps haldist. Þessi leið er best því þá er farin millileiðin, ástandið helst ekki óbreytt en ekki heldur of mikil breyting. Kostur fyrir leikskólann þar sem möguleiki er á að börnin þar fái smiðjur.
- Hraunvallaskóla hugmynd, tveir skólastjórar og aftur Engidalsskóli án Víðistaðaskóla sem er nægilega stór eining ein og sér.

Hafnarfjörður 29. janúar 2013

Anna María Skúladóttir.

Anna María Skúladóttir

Lilja Kolbjún Steinþórssdóttir.

Lilja Kolbjún Steinþórssdóttir

Ingibjörg B. Björnsdóttir.

Ingibjörg B. Björnsdóttir

Brynhildur Elín Kristjánsdóttir.

Brynhildur Elín Kristjánsdóttir

Sóleyg Baldursdóttir

Sóleyg Baldursdóttir

Guðrún Sif Hannesdóttir.

Guðrún Sif Hannesdóttir

Þrándur Sigurðarson

Þrándur Sigurðarson

Særún Ómarsdóttir

Særún Ómarsdóttir

Elísia Vigfúsdóttir

Elísia Vigfúsdóttir

Petra Hólmgrímsdóttir

Petra Hólmgrímsdóttir